



277. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn mánudaginn 18. febrúar 2019, kl. 15:00 í Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi.

Mætt voru: Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK) Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá mættu á fundinn Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice og Ingunn Jónsdóttir, ráðgjafi SASS.

1. Umhverfis Suðurland

Á fundinn mætti Ingunn Jónsdóttir, ráðgjafi SASS, og kynnti verkefnið „Umhverfis Suðurland“. Rætt var um mögulegt samstarf SOS og og Umhverfis Suðurland, þar sem SOS myndi kaupa kynningar- og fræðsluþjónustu til íbúa í gegnum verkefnið. Ingunn mun senda stjórn SOS tillögu að kynningaráætlun fyrir næsta fund stjórnar. Þá var rætt um að tengjast einnig vinnu við úrgangstefnu SASS sem Elísabet Björney Lárusdóttir er að vinna að. Lagt til að Ingunn, Elísabet og Stefán Gíslason f.h. SOS myndi samstarfs- og samráðsvettvang til að miðla upplýsingum milli verkefnana.

2. Móttaka á úrgangi

Stefán Gíslason mætti á fundinn og gerði grein fyrir stöðu mála. Farið var yfir samskipti milli SOS, Umhverfisráðuneytisins, Umhverfisstofnunar og urðunarstaðina í Fíflholtum og Stekkjavík. Fyrir liggur að gera þarf þríhliða samkomulag milli Sorpstöðvar Suðurlands bs., Sorpurðunar Vesturlands hf. og Norðurár bs. svo tryggja megi lausn til bráðabirgða á urðunarmálum aðildarsveitarfélaga SOS í Fíflholti og Stekkjarvík, á meðan unnið er að varanlegu fyrirkomulagi fyrir SOS. Formanni, í samráði við Stefán Gíslason, falið að ganga frá slíku samkomulagi með ofangreindum urðunaraðilum.

3. Leit að urðunarstað á Suðurlandi

Stefán Gíslason gerði grein fyrir stöðu mála í leit að urðunarstað á Suðurlandi. Stefán mun í samstarfi við EFLU gera nánari skoðun á þeim stöðum sem til greina koma og uppfæra greiningartöflu í ljósi afstöðu sveitarfélaga, fjarlægða og annarra mikilvægra þátta.

4. Kynningarmál vegna úrgangsmála

Í framhaldi af umræðum undir fyrsta dagskrárliði var ákveðið að Ingunn Jónsdóttir sendi stjórn SOS tillögu að kynningaráætlun vegna flokkunar á lífrænum úrgangi fyrir næsta fund stjórnar. Stjórn er tilbúin til að setja u.þ.b. 3 milljónir króna í verkefnið að svo komnu máli.

5. Fyrirmynd af úrgangssamþykktum

Rætt um hvort sveitarfélög á Suðurlandi ættu að gera samþykktir um meðhöndlun úrgangs með samræmdum hætti. Stjórn SOS hvetur sveitarfélög í SOS til samstarfs um

slíkar samræmdar samþykktir og felur formanni að senda aðildarsveitarfélögunum drög að slíkri úrgangssamþykkt.

6. PureNorth Recykling

-Beiðni um samstarf-. Stjórn SOS telur verkefnið áhugavert en telur ekki rétt að taka þátt í forkönnun með þeim hætti sem lýst er.

7. Sorporkustöð

-Beiðni um samstarf- Stjórn SOS telur verkefnið áhugavert en telur ekki rétt að taka þátt í forkönnun með þeim hætti sem lýst er.

Stjórn samþykkir að næsti stjórnarfundur verði haldinn mánudaginn 11. mars nk. kl. 15:00 í húsnæði SASS.

Fundi slitið klukkan 17:00